

48. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

49. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjóri og starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né um viðskipti einstakra aðila við hann.

Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

50. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán heimitað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

51. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 71, frá 12. maí 1970 um Alþýðubankann hf. og aðalfundur í bankanum hefur hinn 15. apríl 1972 samþykkt, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 31/1971 fyrir Alþýðubankann hf.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með sem reglugerð fyrir Alþýðubankann hf.

Viðskiptaráðuneytið, 24. nóvember 1972.

Lúðvík Jósefsson.

Gylfi Knudsen.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vatnsnesvegi milli Hafnargötu og Suðurgötu norðanmegin götunnar.
 2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Skólavegi milli Hafnargötu og Suðurgötu sunnanmegin götunnar (þ. e. fyrir framan skólann).
 3. Bannaðar eru bifreiðastöður vörubifreiða fyrir framan húsin Hafnargötu 29, 32, 36 og á bifreiðastæðinu við Tjarnargötu milli Hafnargötu og Túngötu.
 4. Sett verður sebraut yfir Hafnargötu neðan við Ránargötu.
 5. Sett verður gangbraut yfir Hafnargötu sunnan Faxabrautar.
 6. Sett verður gangbraut yfir Hafnargötu gegnt Aðalstöðinni.
- Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 28. nóvember 1972.

Alfreð Gíslason.